



Til: omar@skipulag.is  
Afrit: skipulag@skipulag.is

Efni:

Frummatsskýrsla um framleiðslu á 4.000 tonnum af laxi í kynslóðaskiptu eldi í Arnarfirði - beiðni um umsög

Upplýsingar:

Sent: 15.05.2018 12:58:13 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2018040003, Bréfalyklar: 42-0 Ums almennt

---

Tilvísun í mál: 2018040003

Meðfylgjandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um framangreint mál.

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 3. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frummatsskýrslu um framleiðslu á 4.000 tonnum af laxi í kynslóðaskiptu eldi í Arnarfirði. Tekið er fram að í umsögn skuli umsagnaraðili á grundvelli starfssviðs síns gera grein fyrir m.a. hvort hann telji að á fullnægjandi hátt sér gerð grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd, umhverfi hennar, áhrifum hennar og mati framkvæmdaraðila á þeim og hvort þörf sé á að kanna tiltekin atriði frekar, mótvægisáðgerðum og vöktun. Beðist er velvirðingar á því hvað það hefur dregist að svara erindinu.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir frummatsskýrsluna. Stofnunin telur að þeir þættir sem skipta mestu út frá starfssviði stofnunarinnar séu mengun og áhrif mengunar á lífríki Arnarfjarðar, áhrif sem geta orðið á villta laxastofna vegna erfðablöndunar við eldisfisk og áhrif sem geta orðið á villta laxastofna vegna sjúkdómahættu.

Í heild telur Náttúrufræðistofnun að frummatsskýrslan geri að mestu leiti nægjanlega vel grein fyrir framkvæmdinni þannig að þeir aðilar sem fara með leyfisveitingarvald vegna fiskeldis geti tekið afstöðu til þess hvort leyfa eigi framkvæmdina eða ekki. Og einnig að verði hún leyfð þá með hvaða skilyrðum eigi að leyfa hana t.d. hvað varðar framleiðslumagn, vöktun og mótvægisáðgerðir.

Náttúrufræðistofnun vill benda á nokkur atriði sem betur mættu fara. Ef framangreind framkvæmd væri á landi þá þyrfti t.d. að útbúa kort og tegundalista, t.d. vistgerðarkort, yfir þau tilteknu svæði sem augljóst er að verði fyrir áhrifum og út frá þeim upplýsingum meta áhrif á lífríki þeirra. Náttúrufræðistofnun telur að almennt þurfi að bæta úr þessu hvað varðar lífríki sjávar/sjávarbotnsins. Gera þarf kröfu um að lífríki svæða sem verða fyrir mestum áhrifum í sjó séu mun betur þekkt, með beinum athugunum, en nú er þó vissulega megi leiða líkur að því hvert lífríki þeirra er út frá rannsóknum á svipuðum slóðum og að leiða megi líkur að því að svæði í hafi/sjávarbotni jafni sig með tímanum vegna innflutnings tegunda frá óröskuðum svæðum.

Af umfjöllun um erfðablöndun í frummatsskýrslunni er augljóst að erfðablöndun milli eldislaxa og náttúrulegra laxastofna er til staðar, bæði hér á landi og erlendis. Frummatsskýrslan fjallar að mestu um hversu miklar líkur eru á því að erfðablöndun eigi sér staða (slysasleppingar, vegalengdir o.s.frv.), í hve miklum mæli, hvort hægt sé að meta skaðsemi erfðablöndunar eða ekki og hvort erfðablöndun sé afturkræf eða ekki. Auk þess er fjallað um ýmsar mótvægisáðgerðir.

Í matsskýrslunni og á öðrum vettvangi hefur verið bent á leiðir til að koma í veg fyrir erfðablöndun annað hvort með því að rækta eldislax í lokuðum kerfum á landi eða rækta ófrjóan

lax. Um þetta er ekki fjallað sem raunverulegan kost í frummatsskýrslunni. Í skýrslunni kemur fram að þrátt fyrir ýmsar mótvægisáðgerðir hefur ekki verið hægt að koma í veg fyrir slysasleppingar, þó þeim hafi hlutfallslega fækkað t.d. í Noregi vegna betra eftirlits og mótvægisáðgerða. Á móti kemur að fiskeldi hefur stórauðist í Noregi og magn fiska sem sleppa því mikið. Einnig kemur fram að ekki eru til nein óyggjandi svör við því að mati höfunda frummatsskýrslunnar hvort erfðablöndun hafi neikvæð áhrif og m.a. bent á að ekki virðist vera fylgni á milli laxveiði á ákveðnum stöðum og laxeldis á sama svæði.

Í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 segir að markmið laganna sé að vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru, þar á meðal líffræðilega fjölbreytni og lögin eiga að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru á eigin forsendum. Einnig segir m.a. í 6. gr. að öllum sé skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýrtruðu varúð þannig að henni verði ekki spillt og að við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skuli gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll. Það má því spyrja hvort það sé ekki sanngirni að ætlast til þess að laxeldi sé annað hvort í lokuðu eldi eða að notaður sé ófrjór lax. Þá segir m.a. í 8. gr. laga um náttúruvernd að ákvarðanir stjórnvalda sem varða náttúruna skulu eins og kostur er byggjast á vísindalegri þekkingu á verndarstöðu og stofnstærð tegunda og að tekið sé mið af því hver áhrif ákvörðunarinnar muni verða á þær. Og að krafan um þekkingu skuli vera í samræmi við eðli ákvörðunar og væntanleg áhrif hennar á náttúruna. Jafnframt segir í 9. gr., að þegar tekin er ákvörðun á grundvelli laga um náttúruvernd, án þess að fyrir liggja með nægilegri vissu hvaða áhrif hún hefur á náttúruna, skal leitast við að koma í veg fyrir mögulegt og verulegt tjón á náttúruverðmætum. Ef hætta er á alvarlegum eða óafturkræfum náttúruspjöllum skal skorti á vísindalegri þekkingu ekki beitt sem rökum til að fresta eða láta hjá líða að grípa til skilvirkra áðgerða sem geta komið í veg fyrir spjöllin eða dregið úr þeim. Þó 9. gr. eigi hér við ákvarðanir teknar á grundvelli laga um náttúruvernd þá er augljóst að það er eðlileg krafa að fara eftir henni svo almennum markmiðum náttúruverndaraga sé náð s.s. með að nota ófrjóan eldislax eða vera með laxeldi í lokuðu eldi.

Að mati Náttúrufræðistofnunar gerir frummatsskýrslan ágætlega grein fyrir þeirri áhættu sem er til staðar vegna erfðablöndunar þó að það skorti á umfjöllun um þá kosti sem nefndir eru hér að framan m.a. með tilliti til laga um náttúruvernd og markmiða laga um mat á umhverfisáhrifum. Þar sem áhættan er þekkt má því segja að það sé íslenskra stjórnvalda að meta hvort að það sé ásættanlegt og vísindalega forsvaranlegt að nota náttúrulega villta laxastofna og búsvæði þeirra á Íslandi sem eins konar „tilraunastofur“ til lengri tíma til að kanna afleiðingar af erfðablöndun við laxstofna sem búið er að rækta til að ná fram sérstökum eiginleikum. Vissulega er búið að framkvæma áhættumat vegna erfðablöndunar og trúlega eru minni líkur á að sjókvíaeldi á Vestfjörðum hafi neikvæð áhrif hvað erfðablöndun varðar hér á landi en eldi á mörgum öðrum stöðum. Á bls. 77 í frummatsskýrslunni segir að „Norsk rannsókn sýnir að um helmingur strokulaxa sem leita út á opið úthaf og endurheimtist á ný, endurheimtist í ár innan við 100 km frá sleppistað.“ Af þessu má ráða að stór hluti af strokulax dreifist yfir stærra svæði. Að mati Náttúrufræðistofnunar er ekki hægt að fullyrða neitt um líkur þess að eldislax geti ekki borist umhverfis landið þaðan sem slysasleppingar eiga sér stað.

Á bls. 82. í frummatsskýrslunni segir: „Erfðanefnd landbúnaðarins hérlendis leggst ekki gegn notkun á laxi af norskum uppruna í kvíaeldi við strendur Íslands. Hins vegar telur nefndin mikilvægt að hafin verði rannsókn og vöktun á mögulegri erfðablöndun á strokulaxi.“ Þetta er einfaldlega ekki rétt. Í júní á síðasta ári sendi nefndin frá sér fréttatilkynningu þar sem eftirfarandi

kemur fram:

„Með hliðsjón af almennri stöðu þekkingar um áhrif eldislaxa á villta laxastofna (Glover o.fl. 2017) og varúðarreglu náttúruverndarlaga (9. gr. nr. 60/2013 með síðari breytingum) leggst nefndin gegn notkun á frjóum, norskum eldislaxi í sjókvíueldi við Íslandsstrendur. Nefndin telur að eldi á frjóum laxi í sjókvíu geti valdið óafturkræfum breytingum á erfðasamsetningu íslenskra laxastofna með ófyrirséðum afleiðingum. Þessi stefna samrýmist ekki markmiðum laga um fiskeldi (1. gr. nr. 71/2008 með síðari breytingum), laga um náttúruvernd (1. og 2. gr. nr. 60/2013 með síðari breytingum) og samnings Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni sem leggur áherslu á að vernda lífríki á öllum skipulagsstigum þess, þ.m.t. þeirra erfðaauðlinda sem lífríkið býr yfir." Jafnframt segir: „Nefndin ráðleggur stjórnvöldum að stöðva útgáfu leyfa til laxeldis í sjókvíu a.m.k. þar til nánari þekkingar hefur verið aflað á umhverfisáhrifum núverandi eldis í sjó að meðtöldu því sem þegar hefur verið leyft. Forgangaðgerðir í þessu skyni eru vöktun á hlutdeild eldislaxa í laxám á og við fiskeldissvæði ásamt vöktun á erfðablöndun. Áréttað skal að erfðanefndin leggst ekki gegn fiskeldi svo framarlega sem það sé gert á þann hátt að það ógni ekki erfðaauðlindum á borð við villta íslenska laxastofna. Eldisfiskur er mikilvæg uppspretta fæðu á heimsvísu og getur komið í stað veiða á villtum tegundum sem er jákvætt fyrir erfðafjölbreytni almennt. Nefndin hvetur til rannsókna á notkun ófrjórna eldislaxa og eldistækni sem kemur í veg fyrir slysasleppingar, t.d. landeldis í endurnýtingarkerfum." Sjá fréttatilkynninguna í heild sinni hér:

<https://www.agrogen.is/news/erfdanefnd-landbunadarins-telur-ad-aaetlanir-um-storaukid-laxeldi-i-sjokvium-hafi-ofyrirsedar-afleidingar-og-radleggur-stodvun-a-utgafu-leyfa/>

Náttúrufræðistofnun á sæti í Erfðanefnd Landbúnaðarins og tekur undir þau sjónarmið sem koma fram í framangreindri fréttatilkynningu.

Að öðru leiti gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemdir við frummatsskýrsluna.

Virðingarfyllst,



Erf.Landb-frettatilkynning-juni-2017.docx

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)  
212 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: [trausti@ni.is](mailto:trausti@ni.is)

